

# Gjaldskrá

II  
11. febr.

fyrir

## rafveitu Eyrarbyggðar 1920.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal fyrst um sinn vera kr. 2.00 fyrir hverja kílóvattstund.

Verð þetta má lækka eða hækka um allt að þriðjung, eftir því sem stöðin ber sig.

2. gr.

Rafmagnsgjaldið greiðist 5 sinnum á ári miðað við rafmagnsnotkun 1. okt., 1. des., 1. febr., 1. apr. og 15. maí. Sje gjaldið eigi greitt 15 dögum eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, eftir skiflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á að gjaldið sje greitt í tæka tíð. Taka má gjaldið lógtaki.

3. gr.

Leiga fyrir hvern straummæli skal vera 12 krónur á ári hverju, er greiðist í einu lagi með rafmagnsgjöldum í nóvember ár hvert. Að öðru leyti gilda sömu reglur um það gjald og rafmagnsgjaldið.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. febrúar 1921.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*